

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 9. maí 2023.

Mál nr. 251/2023:

Hilmar Ágúst Hilmarsson

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

gegn

protabúi ACE Handling ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Endurupptaka.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var beiðni H um endurupptöku máls þb. A gegn H. Í úrskurði Landsréttar var komist að þeirri niðurstöðu að kröfugerð og málatilbúnaður þb. A hafi verið svo vanreifuð að héraðsdómi hefði verið rétt að vísa máli hans á hendur H frá dómi án kröfu. Var því fallist á kröfu H um endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi, sbr. b-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 31. mars 2023. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 21. apríl 2023. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2023 í málinu nr. I-3970/2022 þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um endurupptöku máls nr. E-4845/2021: Protabúi Ace Handling ehf. gegn Hilmar Ágústi Hilmarssyni. Kæruheimild er í q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að fallist verði á beiðni hans um endurupptöku máls nr. E-4845/2021 sem lauk með áritun stefnu í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. október 2021. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- Í málinu gerir sóknaraðili þá kröfu að einkamál sem rekið var fyrir héraðsdómi milli aðila og lauk með áritun stefnu á hendur honum 22. október 2021 verði endurupptekið. Samkvæmt 113. gr., sbr. 2. málslíð 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 er það eitt skilyrði

Þess að ljúka megi máli með þeim hætti að ekki séu gallar á því sem geti valdið frávísun þess án kröfu.

- 5 Þess var krafist í stefnu að sóknaraðila yrði gert að greiða varnaraðila 8.920.127 krónur, auk vaxta, eða sem nam fjárhæð nánar tilgreindra færslna af bankareikningum hins gjaldþrota félags inn á reikninga sóknaraðila, að frádreginni fjárhæð sem nam innlögnum sóknaraðila á reikninga félagsins á sama tímabili. Er á því byggt í stefnu að greiðslurnar hafi verið í andstöðu við reglur XII. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Segir þar nánar að um hafi verið að ræða óheimilar lánveitingar í skilningi 1. mgr. 79. gr. sömu laga, sem beri að endurgreiða samkvæmt 4. mgr. sömu greinar, auk þess sem einnig er vísað til 1. mgr. 77. gr. laganna. Þar er ennfremur vísað til almennra reglna kröfu- og skaðabótaréttar.
- 6 Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 er einkahlutafélagi óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins lán. Greiðslur sem inntar hafa verið af hendi andstætt því ákvæði skal endurgreiða með dráttarvöxtum, sbr. 4. mgr. 79. gr. Þá segir í 1. mgr. 77. gr. að ef greiðsla hefur farið fram til hluthafa andstætt ákvæðum laganna skuli hann endurgreiða það sem hann hefur tekið við með vöxtum er séu jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum.
- 7 Í stefnu er tekið fram að varnaraðili hafi verið stofnaður af sóknaraðila og öðrum einstaklingi í gegnum nánar tiltekin félög. Að öðru leyti er engin grein gerð fyrir því hver staða sóknaraðila var innan félagsins. Þá er þar látið við sitja að vísa til tiltekinna greiðslna frá félaginu til sóknaraðila, sem skiptastjóri hafi talið óheimilar lánveitingar, án þess að útskýrt sé nema að litlu leyti hvernig greiðslurnar eigi undir framangreind ákvæði og beri að endurgreiða samkvæmt þeim, en ljóst er að greiðslurnar voru í mörgum tilvikum merktar sem endurgreiðsla láns og bókhaldsgögn fylgdu ekki stefnu. Þá verður að skilja málatilbúnað varnaraðila í því máli sem hér er til úrlausnar svo að hann álíti kröfu varnaraðila vera skaðabótakröfu, en í stefnu er slíkt ekki útskýrt að öðru leyti en því að vísað er til almennra reglna skaðabótaréttar.
- 8 Samkvæmt framangreindu og þegar þau skjöl sem lágu fyrir héraðsdómi við áritun stefnu eru virt heildstætt þykja kröfugerð og málatilbúnaður varnaraðila hafa verið svo vanreifuð að héraðsdómi hefði verið rétt að vísa máli hans á hendur sóknaraðila frá dómi án kröfu. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um endurupptöku málsins fyrir héraðsdómi, sbr. b-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.
- 9 Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Fallist er á beiðni sóknaraðila, Hilmars Ágústs Hilmarssonar, um endurupptöku máls nr. E-4845/2021: Protabú Ace Handling ehf. gegn Hilmari Ágústi Hilmarssyni.

Varnaraðili, þrotabú ACE Handling ehf., greiði sóknaraðila samtals 300.000 krónur í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2023

1. Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um endurupptökkröfu sóknaraðila, 9. febrúar sl., er höfðað með stefnu sem varnaraðili kveður hafa verið birta 26. ágúst 2021. Sóknaraðili er Hilmar Ágúst Hilmarsson, með lögheimili að [...]. Varnaraðili er Þb. ACE Handling ehf., [...]. Krefst sóknaraðili þess að auki að réttaráhrif áritunar á stefnu falli niður þar til málinu ljúki á ný í héraði.
2. Í máli nr. E-4845/2021, sem sóknaraðili krefst að verði endurupptekið, gerir stefnandi kröfu um að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.920.127 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. mars 2019 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
3. Á vottorði vegna birtingar stefnu í máli þessu segir að birtingarstund sé fimmtudagurinn 26. ágúst 2021 klukkan 13:10 og birtingarstaður sé á bílastæði [...] á Hólmavík, Strandabyggð. Þá segir þar og að birt sé fyrir stefnda sjálfum, sem hafi neitað móttöku stefnu og undirritun. Stefnan sé birt af stefnuvotti sem sett hafi ritað nafn sitt og kennitölu á vottorðið. Stefnan var árituð um aðfararhæfi 22. október 2021.
4. Með bréfi dagsettu 9. september 2022, sem barst dóminum þann sama dag og lagt var fram á dómþingi 26. október sl., gerði sóknaraðili þá kröfu að málið yrði endurupptekið með vísan til a-, b-, og c-liða 2. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.
5. Sóknaraðili hefur lagt fram tryggingu í samræmi við ákvæði 3. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.
6. Í þessum þætti málsins verður leyst úr endurupptökkröfunni.
7. Varnaraðili krefst þess að synjað verði um endurupptöku málsins og að kröfu um frestun réttaráhrifa við endurupptöku verði hafnað. Loks krefst varnaraðili málskostnaðar að mati dómsins úr hendi sóknaraðila.
8. Af hálfu sóknaraðila er endurupptökubeiðnin reist á því að stefndi hafi ekki vitað af þingfestingu eða dómtöku málsins fyrr en 12. ágúst 2022. Stefnan hafi ekki verið birt fyrir stefnda með lögmatum hætti. Hann hafi verið í fríi á Hólmavík er maður málkunnugur honum hafi sest inn í bifreið hans og sagst vera stefnuvottur. Stefnda hafi ekki verið kynnt að til stæði að birta fyrir honum stefnu, birtingin hafi ekki átt sér stað og honum hafi ekki verið afhent stefna. Þá hafi stefnuvottur ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. laga nr. 91/1991 með því að endursenda stefnanda umræddar stefnur. Þá hafi skiptastjóri, þrátt fyrir að hafa verið í miklum samskiptum við stefnda og lögmann hans, ekki minnst á málið.
9. Þá byggir sóknaraðili á því að skilyrði b-liðar 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 séu uppfyllt þannig að endurupptaka skuli málið. Kveður sóknaraðili galla vera á málinu er varði frávísun þess án kröfu. Krafa stefnanda byggi á því að tilgreindar millifærslur af bankareikningum stefnanda á reikning stefnda hafi verið óheimilar úttektir eða lánveitingar. Enginn samningur hafi verið um þær lánveitingar og ekkert liggi fyrir um þær í bókhaldi félagsins og því eigi stefnandi kröfu á grundvelli 4. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög á hendur stefnda. Þessu andæfir sóknaraðili og kveður mál varnaraðila vanreifað. Um sé að ræða 19 úttektir vegna endurgreiðslu láns, sem ekki sé ólöglegt. Ársreikningar félagsins beri með sér að félagið hafi staðið í skuld við tengda aðila í árslok 2016. Þá séu kröfur málsins ekki studdar gögnum. Stefndi hafi skýrt endurgreiðslur þessar í skýrslutöku hjá skiptastjóra 25. febrúar 2019. Þá hafi stefndi aldrei verið krafinn um gögn til stuðnings lánveitingu þessari. Skiptastjóri hafi ekki gefið út stefnu vegna þess fyrr en 2 árum og 5 mánuðum eftir skýrslutökuna og stefndi því verið í góðri trú um að skýringar hans hefðu verið teknar gildar. Þá kveður stefndi að vísa hefði átt málinu frá dómi þar sem frestir skiptastjóra til að höfða mál til riftunar

- greiðslu eftir 148. gr. laga nr. 21/1991 hafi þá verið liðnir. Allt þetta kveður sóknaraðili að hefði átt að leiða til frávísunar málsins án kröfu og af þeim sökum beri að endurupptaka málið.
10. Þá byggir sóknaraðili á því að heimilt sé að endurupptaka mál ef sýkna hefði átt stefnda án kröfu að einhverju eða öllu leyti. Vísar sóknaraðili um það til sömu raka og fyrr um að vísa hefði átt málinu frá dómi.
 11. Kröfu um frestun réttaráhrifa áritunar á stefnu byggir sóknaraðili á því að hann hafi ekki haft upplýsingar um málshöfðunina þar sem stefna hafi ekki verið birt fyrir honum og þar sem vísa hefði átt málinu frá dómi án kröfu.
 12. Varnaraðili byggir á því skilyrði 2. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála til endurupptöku málsins séu ekki fyrir hendi. Hvað a-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 varðar vísar varnaraðili til birtingarvottorðs, sem beri með sér að birt hafi verið fyrir sóknaraðila en hann neitað að taka við stefnu eða kvitta fyrir móttöku hennar. Stefndi geti ekki byggt á því að honum hafi verið ókunnugt um stefnu þegar fyrir liggur vottorð stefnuvotts um að sóknaraðili hafi neitað að taka við stefnu eða kvitta fyrir móttöku. Vottorð stefnuvotts hafi fullt gildi og birtingin sé fullnægjandi.
 13. Hvað b-lið 2. mgr. 137. gr. varðar kveður varnaraðili ekkert í málalíbúnaði sínum hafa átt að leiða til frávísunar án kröfu. Sóknaraðili rugli hér saman sjálfkrafa frávísun og frávísun að kröfu stefnda. Þau atriði sem vísað er til séu með þeim hætti að úr þeim hefði mátt bæta undir rekstri málsins en þau hefðu ekki átt að leiða til frávísunar án kröfu. Eina frávísunarsjónarmiðið sem sé þess eðlis að ekki hefði mátt bæta úr því undir rekstri málsins lúti að því að varnaraðila hefði borið að höfða riftunarmál en ekki skaðabótamál á hendur sóknaraðila og að ekki standi til þess lagaheimild að höfða skaðabótamál á hendur sóknaraðila. Kveður varnaraðili þessu fara víðs fjarri. Þrotabúi sé heimilt að höfða skaðabótamál án þess að höfða sé riftunarmál og vísar hann um það til dóms Landsréttar í máli nr. 155/2018.
 14. Þá byggir varnaraðili á því að skilyrði c-liðar 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 til endurupptöku málsins séu ekki fyrir hendi. Ekkert í málalíbúnaði og málskjöllum renni stoðum undir að sýkna hefði átt sóknaraðila. Málið snúist um óheimilar úttektir að fjárhæð 11.070.127 krónur sem flestar séu skýrðar með því að um endurgreiðslu láns sé að ræða. Þess sé hins vegar ekki getið í bókhaldi Ace Handling ehf. að félagið hafi staðið í skuld við stefnda eða stefndi átt kröfu á félagið. Frá nefndri kröfu hafi verið dregnar 2.150.000 krónur en innborganir þess fjár hafi verið merktar sem lán til félagsins. Í skýrslu af stefnda hafi hann greint frá því að félagið Arwen hefði lánað Ace Handling ehf. um 100.000 evrur. Ekki hafi verið gerður um það skriflegur samningur en „eitthvað sett á blað um lánveitingarnar sem veittar hafi verið í slumpum eftir þörfum félagsins“. Þetta lán hafi svo verið framselt stefnda persónulega. Ekkert hafi hins vegar verið lagt fram um það hjá skiptastjóra. Stefndi hafi og látið þess getið að hann hefði gert reikninga á félagið vegna vinnu sinnar. Slíkir reikningar hafi þó ekki fundist í fórum þrotabúsins. Þá hafi sóknaraðili ekki munað eftir greiðslu 14. ágúst 2017 inn á kort í hans eigu. Því séu ekki forsendur til að fallast á kröfur sóknaraðila.

Niðurstaða

15. Samkvæmt 1. mgr. 137. gr. getur stefndi beiðst endurupptöku máls innan þriggja mánaða frá því að máli lauk í héraði, enda berist beiðnin dómara innan mánaðar frá því að stefnda urðu málsúrslit kunn. Í slíku tilviki er ekki þörf sérstaks rökstuðnings fyrir beiðninni. Séu þrír mánuðir liðnir frá því að máli lauk í héraði en innan árs frá því getur stefndi samkvæmt 2. mgr. 137. gr. beiðst endurupptöku ef beiðnin berst dómara innan mánaðar frá því að stefnda urðu málsúrslit kunn og stefndi sýnir jafnframt fram á að einhverju þeirra skilyrða sem greinir í staflíðum a–d sé fullnægt.
16. Óumþrætt er að skilyrði 1. mgr. 137. gr. eml. eru ekki uppfyllt í málinu, þar sem málinu lauk með áritun stefnu 22. október 2021 en beiðni um endurupptöku barst dómnum 9. september 2022. Ber því að líta til þess hvort skilyrðum 2. mgr. 137. gr. sé mætt þannig að heimilt sé að endurupptaka málið. Byggir sóknaraðili á því að skilyrði a- til c-liða 2. mgr. 137. gr. séu fyrir hendi.
17. Samkvæmt endurupptökubeiðni hefur stefndi kannast við að stefnuvottur hafi komið að máli við sig þar sem hann var staddur í frú á Hólmarvík og sest inn í bifreið hjá sér og sagst vera stefnuvottur. Samkvæmt birtingarvottorði stefnuvotts 26. ágúst 2021 var stefna á hendur sóknaraðila birt fyrir

stefnda sjálfum þar sem hann hittist fyrir á bílastæði [...] á Hólmavík. Þar kemur jafnframt fram að stefndi hafi neitað móttöku stefnu og undirritun birtingarvottorðs. Þrátt fyrir fullyrðingar sóknaraðila um annað hefur efni vottorðsins ekki verið hnekkt og telst það því rétt samkvæmt 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991. Ekki eru því skilyrði til að endurupptaka málið samkvæmt a-lið 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

18. Í b-lið 2. mgr. er mælt fyrir um það skilyrði endurupptöku að borið hafi að vísa kröfum á hendur stefnda sjálfkrafa frá dómi að öllu eða einhverju leyti. Í hinni árituðu stefnu er höfð uppi krafa á hendur stefnda um endurgreiðslu óheimilla lánveitinga til stefnda í skilningi 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, sem stefnanda beri að endurgreiða með vísan til 4. mgr. 79. gr. sömu laga. Var málalíbúnaður stefnanda í öndverðu m.a. studdur gögnum úr bókhaldi hins gjaldþrota félags og skýrslum frá Creditinfo um skráningar á hlutafélagabáttöku stefnda auk skýrslu skiptastjóra af stefnda og gagna um frekari samskipti við hann til skýringar á þeim greiðslum er málið varðar. Þá ber til þess að líta að gögn málsins og málalíbúnaður stefnanda þótti fullnægjandi á sínum tíma og ekkert er fram komið sem fær haggð þeirri niðurstöðu. Þá verður ekki fallist á það með sóknaraðila að varnaraðila hafi verið ómögulegt að höfða mál í þessum buningi á hendur sóknaraðila eins og atvikum var háttað. Að framansögðu virtu verður ekki fallist á það með sóknaraðila að fullnægt sé skilyrðum b-liðar 2. mgr. 137. gr. fyrir endurupptöku málsins.
 19. Eftir c-lið 2. mgr. 137. gr. laga um meðferð einkamála er heimilt að fallast á endurupptöku máls, ef borið hefði að sýkna stefnda án kröfu að einhverju leyti eða öllu. Um þennan lið 137. gr. vísar stefndi til sömu raka og um b-lið 2. mgr. 137. gr. og áður hefur verið tekin afstaða til. Hvað varðar málsástæðu sóknaraðila er lýtur að aðildarskorti verður til þess litið að málið er höfðað á hendur stefnda sem fyrrum eiganda, stjórnarmanni og framkvæmdastjóra hins gjaldþrota félags vegna greiðslna til stefnda og félaga í hans eigu í aðdraganda gjaldþrotsins. Sem fyrr segir hefur þegar verið lagt mat á framlögð gögn varnaraðila í upphafi og er ekkert fram komið sem fær haggð því mati þannig að ljóst þyki að borið hefði að sýkna sóknaraðila af kröfunni að hluta eða öllu leyti án kröfu. Með vísan til þess og gagna málsins verður ekki fallist á það með sóknaraðila að sýkna hefði átt stefnda án kröfu í öndverðu á grundvelli aðildarskorts eða af öðrum ástæðum.
 20. Að framansögðu virtu eru ekki efni til að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu réttaráhrifa hinnar árituðu stefnu.
 21. Með hliðsjón af niðurstöðu málsins verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila 150.660 krónur í málskostnað.
 22. Ekki tókst að kveða upp úrskurð í málinu innan fjögurra vikna frá því að það var tekið til úrskurðar. Málið var ekki flutt að nýju þar sem lögmenn og dómari töldu það óþarft, sbr. áskilnað 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.
- Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni sóknaraðila, Hilmars Ágústs Hilmarssonar, um endurupptöku máls nr. E-4845/2021: Þb. Ace Handling ehf. gegn Hilmari Ágústi Hilmarssyni, er hafnað.
Sóknaraðili greiði varnaraðila 150.660 krónur í málskostnað.